



## Fornleifaskráning í landi Eyjardalsár vegna fyrirhugaðra virkjunarframkævmnda



Bjarni F. Einarsson  
2018

Forsíðumyndin sýnir hið fyrirhugaða lónstæði Eyjardalsvirkunar. Í kverkinni undir brekkunni má grilla í hina fornu leið yfir í Fnjóskadal. (Fornleifar nr. 40:1. Horft mót V. Ljósm. BFE 2018).

## **F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Eflu hf.  
September 2018

### ***Inngangur***

Að beiðni Eflu hf fyrir hönd framkvæmdaaðila Eyjardalsvirkjunar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar í fyrirhuguðu lónstæði og stíflustæði virkjunarinnar og leið aðrennslispípu að stöðvarhúsi, auk svæði það sem stöðvarhúsið sjálft á að standa. Svæðið er í landi Eyjardalsár í Bárðadal í S-Þingeyjarsýslu.

Leiðin öll er um 3 km löng frá lónstæði að stöðvarhúsi. Er könnunarsvæðið og staðsetning fornleifa sýnd á loftmynd 1 og 2. Farið var í gegnum fáeinar heimildir svo sem örnefnaskrár, en svæðið hefur verið kannað áður og þá fór heimildavinna fram sem ekki þótti ástæða til að endurtaka.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 13. september síðastliðinn. Veður var still, kallt og rigningasamt á meðan á vettvangsvinnu stóð. Umhverfi lónstæðisins og stöðvarhússins var kannað og a.m.k. 40 m breið skák þar sem pípan á að liggja, en í reynd var svæðið nokkuð stærra eins og mynd 2 sýnir. Stafar það af því að yfirsýn var með besta móti.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með könnunarsvæðinu og staðsetningu fornleifa.

Fulltrúar verkkaupa var Snævarr Örn Georgsson hjá Eflu hf.

### **Skráningin**

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða framkvæmdasvæðis.

Samtals voru þrjár fornleifar undir þremur númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Allar töldust þær hafa lágt minja- og varðveislugildi og einar höfðu verið skráðar áður í tengslum við annað verkefni (fornleifar nr. 18:1).

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja, eða hylja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf eftir atvikum að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um



Mynd 1. Yfirlitsmynd af áhrifasvæðinu á Eyjardal í Bárðadalshreppi. Blá brotin lína sýnir aðrennslispípu með stöðvarhúsi við endann, rauð brotin lína sýnir mörk könnunarsvæðisins (20 m sín hvoru megin við pípu) og gulur litur sýnir lónstæðið. Ljósblá britin lína sýnir núverandi loflínu. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Efla).

framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á fornleiðum, stígum eða götum, sem fela í sér einhverskonar uppgröft, leiða yfirleitt ekki mikið í ljós og því er ekki talin ástæða til þess að gera slíkar rannsóknir á þjóðleiðinni yfir heiðina.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

### **Niðurstaða**

Allar fornleifarnar eru í lægsta minja- og varðveisluflokki og allar eru þær í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Líklega getur stöðvarhúsið sneytt hjá garði nr. 10:1, en engra fornleifa varð vart á staðnum a.m.k. 50 m upp (vestur) og niður (austur) með ánni að sunnanverðu. Lónið mun að óbreyttu raska þjóðleiðinni (nr. 40:1) nema að það yrði fært nógu langt upp eftir dalnum eða þar sem þjóðleiðin liggur upp á melana til suðurs. Aðrennslispípan mun líklega raska garði nr. 41 að óbreyttu og því þarf að grafa snið þvert á hann svo ekki þurfi að breyta lagnaleiðinni. Minjastofnun Íslands úrskurðar



Mynd 2. Staðsetning fornleifa á könnunarsvæðinu. Það náði þó ekki yfir Eyjadalsá að vestanverðu nema þar sem lónið er. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Efla - Fornleifafræðistofan).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
10	Garður	1	Virkjun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Pversnið
40	Þjóðleið	1	Virkjun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
41	Garður	1	Virkjun	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Pversnið
Fjöldi:		3				Meðaltöl:	3,3	3,3		

Tafla yfir skráðar fornleifar á könnunarsvæðinu. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

nánar um þessi atriði. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### **Heimildir**

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs frá Hólasandi að Akureyri*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 201.

*Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.

*Örnefnaskrá. Eyjardalsá*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

### **Fylgirit**

*Fornleifaskrá*: Bárðadalshreppur Nr. 10:1 og 40:1 - 41:1.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

10

Undirnr.

1

Sýsla

S-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Bárðdælahreppur

Tákntala

6606

Hverfi

Landareign

Hlíðarendi

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.9.2018

GPS Staðsetning

E 568191 N 569082

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s.

169

Skekkja

7

Tegund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Eyj 18 Hól 17

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Umferð

Talsverð

Sæmilegt

1550-1900

Stöðvarhús

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Skammt V af Þjóðvegi og N við tún. Rétt sunnan við slóðan sem liggur upp á fjall.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Garður.**

Um 300 m langur (A-V), 0,5 - 1,5 m breiður og 0,2 - 0,5 m hár. Áberandi stórir steinar eru í garðinum og hann er býsna hlykkjóttur. Á honum er hlið inn á túnið.

GPS var mælt við hlið á garðinum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Minjarnar voru skoðaðar fyrst 17.10.2012 og aftur 14.9.2017. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska honum með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

40

Undirnr.

1

Sýsla

S-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Bárðdælahreppur

Tákntala

Hverfi

Landareign

Eyjardalsá m.m.

MÍ:Nr

Heiti

Gnúpaskarð

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.9.2018

GPS Staðsetning

E 567569,12 N 565834,73

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

&gt;5

Tegund minja

Þjóðleið

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Eyj 18

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Sæmilegt

1550-1900

Framkvæmdir

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Liggur frá Árgili og upp Eyjardalinn og áfram til vesturs alla leið í Fnjóskadalinn. Yfir holt, hæðir og mela.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Eyjardalsá. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Þjóðleið.

Vísbendingar eru um að leiðin liggji upp með Eyjardalsánni hjá Árgili og fylgi svo ánni inn dalinn þar til hún liggur upp á melana og svo áfram í Fnjóskadalinn. Þegar upp á melana er komið er leiðin vörðuð (eru allar vörður skráðar). Ekki hefur þótt ástæða til að varða leiðina þar sem hún lá svo nærri ánni framan af.

Leiðin er nokkuð ógreinileg á köflum, en skýrist svo annarsstaðar. Oft skiptir hún sér í nokkra paldra og annarsstaðar fara fjárgötur um hana.

Vísbendingar eru um að leiðina megi sjá strax við Árgilið eða þar sem núverandi línuvegur liggur hvað næst ánni rétt ofan við flatlendið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M5

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

41

Undirnr.

1

Sýsla

S-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Bárðdælahreppur

Tákntala

Hverfi

Landareign

Eyjardalsá

MÍ:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

13.9.2018

GPS Staðsetning

E 567693,73 N 568783,21

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekkja

Tegund minja

Garður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Eyj 18

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Lítill

Sæmilegt

1550-1900

Framkvæmdir

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Á blásnum mel upp í brekkunni í mynni Eyjardals, um 50 m suður af línuvegi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Garður.**

Úr lábörðu grjóti, 13 m langur, 0,4 - 0,5 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár. Garðurinn er nokkuð beinn þar sem hann liggur þvert á dalsmynnið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M5

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.